

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, mánudaginn 22. febrúar 2023, kl. 17:15

Mætt: Sigurður Guðmundsson (SG), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Erling Ásgeirsson (EÁ).

Forfallaðir: Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir (SLG), Gunnar Berg Viktorsson (GBV),

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Pálmi Geir Jónsson fjármálastjóri.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

Fundargerð fundar aðalstjórnar þann 16. janúar 2023 lögð fyrir og samþykkt.

1. Drög að uppgjöri 2022

BS fór yfir drög að uppgjör ársins 2022. Ljóst er að félagið í heild er rekið með neikvæðri rekstrarniðurstöðu á árinu 2022. Drögin gera ráð fyrir halla upp á tæpar 50 milljónir. Sú niðurstaða á samt eftir að batna örlítið þar sem ekki er búið að stemma alla efnahagsliði af og sú yfirferð mun leiða í ljós auknar tekjur. Gera má ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu uppá 40 – 50 milljónir kr.

Niðurstaða: Til upplýsinga

2. Stefnumótun, staða og næstu skref

Stýrihópur Stjörnunnar ásamt ráðgjöfum frá Stratagem hittust 20. febrúar og fóru yfir stöðu mála. Verkefnið er komið á þann stað að greiningarvinnu er lokið og næsta skref er úrvinnslan. Stefnt er að því að halda 2 hópfundum í mars. Fyrri fundurinn verður haldinn þann 7. mars og sá seinni síðar í mánuðinum. Á fundina verða boðaðir í kringum 20 einstaklingar til þess að ræða þau atriði sem komu út úr greiningarvinnunni. Eins og tímaplanið lítur út í dag er stefnt að því að formlegri stefnumótun ljúki í lok mars byrjun apríl.

Niðurstaða: Til upplýsinga

3. Hreyfing eldri borgara undir merkjum Stjörnunnar

BS átti fund þann 21. febrúar síðastliðinn með tveimur íþróttafræðingum þeim Evu og Fríðu. Þær hafa mikinn áhuga á því að bjóða uppá hreyfingu fyrir eldri borgara í Garðabæ undir merkjum Stjörnunnar. Þær hafa unnið með eldra fólki frá árinu 2019 og eru nú þegar í samstarfi við Kópavogsbæ og eru að sinna þar 350 íbúum bæjarfélagsins. BS fór yfir að það væri nú þegar í boði hreyfing á vegum FEBG og velti því upp hvort það væri hægt að hafa bæði í boði í bæjarfélaginu.

Niðurstaða: Stjórn tók jákvætt í erindið. Fól BS að taka málið áfram með íþrótta-, tómsunda- og forvarnarfulltrúa Garðabæjar.

4. Rekstrarsamningur við Garðabæ

BS og SG hafa verið í samtali við Garðabæ í þónokkurn tíma um nýjan rekstrarsamning Stjörnunnar og Garðabæjar. Samningurinn hefur verið samþykktur munnlega og er í meginatriðum eins og fyrri samningar á milli aðilana fyrir utan hækkun á styrknum til félagsins. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði undirritaður á næstu dögum.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

Önnur mál

- Inn á fundinn kom beiðni frá handknattleiksdeild um styrk frá aðalstjórn til kaupa á búnaði í TM höllina. Fyrirhugað er að handknattleiksdeild fari að leigja út svæði í höllinni fyrir veislur og til þess vantar búnað. Handknattleiksdeild óskaði eftir styrk frá aðalstjórn á þeim búnaði. Aðalstjórn ákvað að styrkurinn yrði ekki veittur að svo stöddu, vildi fá reynslu á verkefnið fyrst.
- Rekstur íþróttamannvirkja í Garðabæ, SG fór yfir hvernig hann sér fyrir sér hlutina til framtíðar hvað varðar rekstur á íþróttamannvirkjum í bænum. SG og BS munu fara á fundi á næstu dögum og vikum með félögum í Hafnarfirði og Kópavogi þar sem komin er góð reynsla á það að íþróttafélögin reki mannvirki bæjarfélaganna. Stefnt er að því að hefja samtal við Garðabæ um málefnið strax eftir aðalfund félagsins í apríl.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:15 – ritað BS